

Til borgarráðs

Efni: Forsendur fjárhagsáætlunar 2019 og fimm ára áætlunar 2019-2023

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 og forsendur fimm ára áætlunar 2019-2023, sem eru samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu frá 1. júní sl. Heildarforsendur Hagstofuspár má sjá í viðauka.

Tafla 1: Forsendur fjárhagsáætlunar. Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%).

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	5,3	3,9	3,1	2,9	2,7	2,5
Samneysla	2,5	2,1	1,9	1,7	1,9	1,9
Fjármunamyndun	3,2	4,9	3,6	1,7	2,2	3,5
Útflutningur vöru og þjónustu	3,4	2,7	2,6	2,6	2,6	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	6,4	5,1	3,0	2,4	2,3	2,5
Verg landsframleiðsla	2,9	2,7	2,7	2,5	2,6	2,5
Vísitala neysluverðs	2,7	2,9	2,7	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	0,0	0,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	5,9	6,0	4,4	4,2	4,2	4,1


*Breytingar á launavísitölu (nafnlaun) eru ekki birtar í spátöflu þjóðhagsspár Hagstofunnar og eru því reiknaðar út frá spá fyrir breytingu á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Að auki eru lagðar fram forsendur fjármálaskrifstofu um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2018 og 2019, þ.e. á milli ársloka 2017 og 2018 annars vegar og ársloka 2018 og 2019 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2018	2019
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,5	2,1

Töluvert hefur dregið úr þeim mikla hagvexti (7,5%) sem mældist árið 2016 en á árinu 2017 var hagvöxtur 3,6% en spáð hafði verið 6% í þjóðhagsspá að sumri það ár. Í spá Hagstofunnar fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir áframhaldandi hóflegum 2,9% hagvexti og að hann haldist stöðugur á bilinu 2,5-2,7% fram til ársins 2023, sem er nálægt langtíma-meðaltali. Innflutningur vöru og þjónustu vex töluvert umfram útflutning á árunum 2018-2019 en verður svipaður útflutningi árin eftir það. Einkaneysla hefur vaxið mikið undanfarin ár einkum vegna mikilla launahækkana og sterkrar stöðu á vinnumarkaði. Lánsfjármagn á lítinn þátt í þeirri aukningu enda hafa ráðstöfunartekjur aukist mjög mikið. Spáð er töluverðri aukningu einkaneyslu á árinu 2018 eða sem nemur 5,3% en fljótlega dregur úr henni vegna horfa um minni umsvif í hagkerfinu þegar líða tekur á spátímann.

Eftir mikinn uppgang í efnahagslífinu á undanförunum árum eru skýrar vísbendingar um að toppi hagsveiflunnar hafi verið náð og bera spár þess merki að framundan sé meira jafnvægi í hagkerfinu. Gengi íslensku krónunnar styrktist um 10,9% á árinu 2017 en í spá Hagstofunnar er gengið nánast óbreytt. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á genginu á árinu 2018 og út spátímann að árinu 2019 undanskildu, en á því ári er gert ráð fyrir að krónan veikist örlítið eða um 0,3%.



Eftir því sem hægir á í hagkerfinu er gert ráð fyrir að dragi úr spennu á vinnumarkaði. Ef hlutfall starfandi íbúa á höfuðborgarsvæðinu er skoðað sjást merki um minnkandi spennu á vinnumarkaði en það hefur farið lækkandi eftir að hafa náð hápunkti síðan fyrir hrun á fyrsta ársfjórðungi árið 2017, en er þó enn nokkuð yfir langtíma meðaltali 2003-2017. Seðlabankinn spáir því að heildarvinnustundir hagkerfisins aukist um 2,2% á árinu 2018 og einungis um 1,6% árið 2019 og 1% árið 2020 ásamt því að framleiðsluspenna verði mjög lítil.

Fasteignaverð hefur undanfarna ársfjórðunga tekið að lækka í sumum hverfum á höfuðborgarsvæðinu en samkvæmt vísitölu íbúðaverðs hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu í heild nánast staðið í stað frá áramótum og einungis hækkað um 0,4% samkvæmt nýjustu tölum. Tólf mánaða hækkun nemur nú um 5,4%. Að auki hefur töluvert hægst á fjölgun ferðamanna en samkvæmt nýjustu spá Ísavia er gert ráð fyrir að þeim fjölgi um 2,6% á árinu 2018 en í nóvember 2017 hljóðaði spáin upp á 10,9% aukningu.

Verðbólga fór yfir markmið Seðlabanka Íslands í mars á árinu þegar hún mældist 2,8% eftir að hafa verið undir markmiði samfleytt í fjögur ár. Á fyrsta ársfjórðungi mældist hún við markmið, þ.e. 2,5%, en hjaðnaði þó fljótt aftur niður í 2% í maí. Spá Hagstofunnar gerir þó ráð fyrir að verðbólgan stigi aðeins yfir markmið á árinu og endi í 2,9% en haldist svo rétt fyrir ofan það í 2,7% árin 2019 og 2020. Þessi spá er áþekkt spá Seðlabankans um verðbólguþróun.

Þrátt fyrir spár um tiltölulega mjúka lendingu eftir mikla uppsveiflu síðustu ára er töluverð áhætta á vinnumarkaði vegna allra þeirra kjarasamninga sem munu losna í lok árs og á næsta ári. Samkvæmt vefsíðu Ríkissáttasemjara munu samtals um 80 kjarasamningar losna í desember á árinu og um 150 á árinu 2019. SALEK-líkan aðila vinnumarkaðarins hefur sætt vaxandi gagnrýni og því ríkir meiri óvissa en ella um efni og niðurstöður kjarasamningsviðræðna. Miklar launahækkunar umfram aukningu framleiðni gætu hrundið af stað verðlagshækkunum og veikingu krónunnar. Við slíkar aðstæður má reikna með vaxtahækkunum til að stemma stigu við aukna verðbólgu. Það eru því líkur á því að það jafnvægi sem einkennir þjóðhagsspá Hagstofunnar geti raskast verulega.

Vegna þeirra skýru vísbendinga um minnkandi umsvif í hagkerfinu og þeirrar miklu óvissu sem ríkir um þróun launa, verðlags og gengis er mikilvægt að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlun 2019-2023 geri ráð fyrir hóflegum vexti útgjalda bæði til rekstrar og fjárfestinga. Þannig má stuðla að stöðugleika í rekstri borgarinnar og mynda svigrúm til þess að mæta mögulegum áföllum.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri



Viðauki: Þjóðhagsspá Hagstofu frá 1. júní sl.

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. júní sl.						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	5,3	3,9	3,1	2,9	2,7	2,5
Samneysla	2,5	2,1	1,9	1,7	1,9	1,9
Fjármunamyndun	3,2	4,9	3,6	1,7	2,2	3,5
Atvinnuvegafjárfesting	-1,9	3,1	1,7	-0,1	3,6	3,9
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	20,9	12,4	8,2	5,4	4,8	3,6
Fjárfesting hins opinbera	14,7	3,6	5,8	4,3	-7,5	1,6
Þjóðarútgjöld, alls	4,2	3,8	2,9	2,4	2,4	2,5
Útflutningur vöru og þjónustu	3,4	2,7	2,6	2,6	2,6	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	6,4	5,1	3	2,4	2,3	2,5
Verg landsframleiðsla	2,9	2,7	2,7	2,5	2,6	2,5
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	2,7	1,9	1,7	1,8	1,9	1,9
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	1,8	1,5	1,3	1,2	1,4	1,4
Viðskiptajöfnuður án innlánsstofnana í slitameðferð, % af VLF	1,8	1,5	1,3	1,2	1,4	1,4
VLF á verðlagi hvers árs (ma.kr.)	2702	2869	3030	3192	3361	3532
Vísitala neysluverðs	2,7	2,9	2,7	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala	0,0	0,3	0	0	0	0
Raungengi	0,7	0,7	0,6	0,6	0,5	0,3
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2,9	3,3	3,7	3,9	4,0	4,0
Launavísitala*	5,9	6,0	4,4	4,2	4,2	4,1
Alþjóðlegur hagvöxtur	2,5	2,2	1,9	1,8	1,7	1,7
Alþjóðleg verðbólga	1,9	1,9	2,0	2,0	2,1	2,1
Verð útflutts áls	10,8	-1,9	1,0	1,2	1,3	1,3
Olíuverð	25,0	-4,1	0,1	0,6	0,7	0,7